


Nettengd Biblía fyrir börn  
kynnir

Pétur og kraftur  
bænarinnar



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2010 Bible for Children, Inc.  
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta  
þessa sögu, en ekki selja.



Er Pétur postuli ferðaðist um til að segja kom hann




ferðaðist um til  
öðrum frá Jesú,  
við í Lýddu. Þar  
hitti hann lamaðan  
mann, sem hafði  
legið rúmfastur  
í átta ár.



"Jesús Kristur læknar þig," sagði  
Pétur.  
búðu um


"Stattu upp og  
þig." Hann stóð  
upp þegar í stað.  
Þeir er þetta  
sáu tóku trú  
á Guð.





Kristin kona að  
nafni Dorkas, er  
hafði búið í bænum  
Joppe skammt frá  
Lýddu, var  
nýdáin.






Sorgbitnir vinir  
hennar lauguðu hana,  
og lögðu til hvíldar í  
loftherbergi einu, þar  
sem þeir  
komu

saman til að  
syrgja hana.



Vinir Dorkas  
fréttu að  
Pétur væri í  
nágrenninu  
og báðu hann  
að koma sem  
fyrst til Joppe.



Pétur brá  
skjótt við og  
þegar hann  
kom, voru  
ekkjurnar  
grátandi.






Þær  
sýndu honum  
yfirhafnir  
og kyrtla er  
Dorkas hafði  
búið til og  
gefið þeim.



Pétur lét alla  
ganga út, kraup  
á kné og baðst  
fyrir. Síðan  
snéri hann sér  
að líkinu  
og sagði,  
"Dorkas,  
rístu  
upp."



Hún opnaði  
augun, og er  
hún sá Pétur,  
settist hún  
upp.





Pétur rétti henni  
hönd og reisti  
hana á fætur.  
Hann kallaði  
síðan á hina  
trúuðu og  
ekkjurnar,  
til að sjá hún  
hafði lifnað við.



Petta fréttist  
um allt Joppe,  
og margir tóku  
trú á Guð.




Pétur dvaldi um tíma í Joppe í húsi einu nálægt sjónum.

Dag nokkurn fór

Pétur



upp á húspak  
til að biðjast  
fyrir.



Hafi hann litið yfir  
borgarmúrana, hefur hann


sennilega séð



þrjá menn á  
ferð til að  
hitta hann.



Þessir menn voru sendimenn  
Kornelíusar,



rómversks  
hermanns er  
trúði á Guð.





Kornelíus hafði sent þá til að  
finna Pétur því að engill birtist



honum í  
sýn og sagði,  
"Sendu eftir  
Pétri.




Hann gistir hjá Símoni sútara  
er býr í húsi við sjóinn. Hann



mun segja  
þér hvað þú  
átt að gera."



Á meðan Pétur baðst fyrir  
á húspakinu, barst  
honum vitrun frá  
Guði.




Honum virtist sem stór dúkur kæmi  
niður af himnum, með  
allskonar dýrum og  
fuglum.



Pétur vissi að þetta var vanheilagt til  
áttu, samkvæmt gyðinglegum siðum.

Þá heyrði hann rödd sem

sagði,  
"Rístu  
upp,  
slátraðu  
og éttu."




Pétur svaraði, "Nei  
Drottinn, alls ekki,  
ég hef aldrei étið  
neitt sem er  
óhreint eða  
vanheilagt."



Þá heyrðist röddin  
aftur, "Það sem Guð  
hefur lýst hreint,  
mátt þú ekki kalla  
vanheilagt." Þetta  
endurtók sig  
þrisvar. Síðan  
var dúkurinn  
tekinn  
aftur upp  
til himna.



Pétur skyldi ekki sýnina. Á  
meðan hann hugleiddi sýnina,  
talaði Andinn til hans  
og sagði að þrír  
menn leituðu  
hans og að




hann  
ætti að fara  
með  
þeim.







Þegar mennirnir sögðu honum  
að Kornelíusi hafði borist  
skilaboð frá engli Drottins um  
að sækja hann,  
skyldi Pétur að  
þetta var frá  
Guði.



Næsta dag fór hann og  
sex vinir hans til  
Kornelíusar.






Hugsanlega, á leið  
sinni til Gyðingsins  
Kornelíusar, fór Péttri  
að skiljast að Guð  
elskar allt fólk - að  
Guð vill að allar  
þjóðir heims skilji  
að Jesús er  
frelsari allra.



Þegar Pétur kom til  
Kornelíusar, féll  
hann á kné fram,  
til að veita Pétri  
lotningu sína.



"Stattu upp Kornelíus, ég er maður eins og þú," sagði Pétur.



Svo sagði hann við alla viðstadda,  
"Þið vitið að Gyðingum er bannað að  
hafa samneiti við annarra  
þjóða  
fólk."



"En Guð hefur nú sýnt mér að ég  
á engan að kalla óhreinan  
eða vanhelgan."



Síðan sagði Pétur þeim frá Jesú.  
Að Jesús er sonur Guðs. Að hann  
var krossfestur og reis síðan  
aftur upp frá dauðum sem frelsari  
alheimsins.





Þá kom Heilagur Andi yfir alla sem orðin heyrðu og byrjuðu þeir að vegsama Guð. Hinir sex vinir Péturs voru furðu lostnir.



Þetta var eins og á Hvítasunnunni.  
Heilagur Andi snerti alla viðstadda.  
Síðan skírði Pétur alla þá er tóku  
trú á Jesú Krist.



Þeir sem höfðu tekið kristna trú í Jerúsalem, ávítuðu Pétur fyrir að hafa samband við heiðingja. Hann sagði þeim þá frá vitrunum þeim er höfðu borist honum og Kornelíusi.



Vitnisburður Péturs setti þá hljóða.  
Eftir að biðjast fyrir, sýndi Guð  
þeim er höfðu tekið kristna trú í  
Jerúsalem, að kærleikur Guðs  
nær til allra.



Pétur og kraftur bænarinnar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 9-12

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,  
sem skapaði okkur, og sem vill að þú  
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem  
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er  
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann  
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á  
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.  
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim  
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður  
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá  
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til  
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá  
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem  
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir  
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig  
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér  
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og  
komið svo til að vera með þér í himnaríki.  
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir  
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á  
hverjum degi!

